

Ósk um áframhaldandi samstarf Tónlistarfélags Árbæjar og Reykjavíkurborgar

Efni: Tónlistarfélag Árbæjar óskar eftir því að framlengja samstarfssamning við Reykjavíkurborg vegna leigu á húsnæði undir tónlistarmiðstöð fyrir ungt tónlistarfólk.

Greinargerð: Núverandi samningur við Reykjavíkurborg er vegna 450 fermetra húsnæðis að Stangarhyl 7 og greiðir Reykjavíkurborg leigukostnað sem því nemur eða um 750.000 kr. á mánuði, alls 9.000.000 kr. á ári. Samningurinn rennur út í desember 2021. Óskað er eftir áframhaldandi samning annars vegar og tveimur viðbótum hins vegar.

Starfið gengur vonum fram og hefur húsnæðið nýst vel til að bjóða upp á ódýr æfingarymi fyrir hljómsveitir ásamt því að byggja upp tónlistarsamfélag sem leggur áherslu á ungt fólk. Um 25 bönd eru nú með fasta æfingatíma í húsnæðinu og er eftirspurn mikil. Þá er einnig boðið upp á rými þar sem atvinnutónlistarfólk getur leigt stakar æfingar ásamt nokkrum hljóðverum fyrir nýliða og reyndari upptökustjóra. Mikil ánægja hefur verið með hvoru tveggja en fyrir stuttu var gerð þjónustukönnun þar sem allir notendur voru ýmist ánægðir eða mjög ánægðir með aðstöðuna. (Sjá nánar í meðfylgjandi skýrslu)

Í ljósi erfiðra aðstæðna fyrir tónlistarfólk vegna Covid vill félagið skoða þann möguleika, í samstarfi við Reykjavíkurborg að blása enn frekar í seglin og stórauka þjónustu við tónlistarfólk í Reykjavík. Hugmyndin er þá að bæta við tveimur rýmum í viðbót sem nú eru laus í húsnæðinu. Annars vegar 220 fermetra rými á neðri hæð hússins og hins vegar 200 fermetra rými á efri hæð hússins. Á efri hæð hússins er hugmyndin að bæta við æfingarymum til að mæta mikilli eftirspurn á ódýrum, fyrsta flokks rýmum fyrir atvinnutónlistarfólk og einyrkja ásamt fleiri hljómsveitarymum. Á neðri hæð hússins er síðan ætlunin að útbúa hljóðversrými fyrir tónlistarfólk sem hægt væri að leigja út á hagstæðum kjörum og um leið byggja upp samfélag sem miðlar reynslu og aðstoðar nýliða (sjá nánar í fylgiskjali).

Núverandi húsnæði	(Um 450 fm):	810.000 kr. á mánuði.	(Alls 9.720.000 kr. á ári)
Efri hæð - viðbót	(Um 200 fm):	390.000 kr. á mánuði.	(Alls 4.680.000 kr. á ári)
Neðri hæð - viðbót	(Um 241 fm):	433.800 kr. á mánuði.	(Alls 5.205.600 kr. á ári)

Til einföldunar þá er beiðnin sett fram í þremur liðum:

1. Tónlistarfélag Árbæjar óskar eftir áframhaldandi samning vegna núverandi húsnæðis (sem rennur út 2021) í þrjú ár í viðbót eða út 2024 fyrir æfingaaðstöðu, námskeiðsaðstöðu og nýliðahljóðver.
Heildarkostnaður 9.720.000 kr. á ári. (Upphæð hækkar aðeins vegna hækkunar á leigusamning)
2. *Viðbót I.*
Að bæta við núverandi samning. Um er að ræða rými í sama húsnæði upp á 200 fm. Óskað er eftir að sú viðbót myndi taka gildi um næstu áramót (2020 - 2021) til að mæta aukinni eftirspurn á ódýru æfingahúsnæði í því árferði sem nú er og fylgi síðan áframhaldandi samning næstu þrjú ár á eftir eða út 2024.
Heildarkostnaður á ári 4.680.000 kr.
3. *Viðbót II.*
Að bæta við núverandi samning. Um er að ræða rými í sama húsnæði upp á 241 fm. Óskað er eftir því að sú viðbót taki gildi um næstu áramót (2020 - 2021) og fylgi síðan áframhaldandi samning næstu þrjú ár á eftir eða út 2024. Mun það húsnæði snúa fyrst og fremst að uppbygginu hljóðvera.
Heildarkostnaður á ári 5.205.600 kr.

Skuldbindingar Tónlistarfélags Árbæjar

1. Félagið mun halda áfram öflugu uppbyggingarstarfi þegar kemur að tónlistarstarfi í Reykjavík með því að bjóða upp á ódýra en jafnframt fyrsta flokks æfingaaðstöðu með góðri hljóðvist, búnaði og annarri þjónustu sem væri bæði sniðið að byrjendum og atvinnufólki.
2. Félagið mun leigja út stúdíóaðstöðu til tónlistarfólks á vægu verði með sama fyrirkomulagi og æfingaaðstöðuna og mæta þannig mikilli eftirspurn eftir stúdíóaðstöðu og vinnurýmum fyrir tónlistarfólk.
3. Félagið mun halda úti námskeiðum að fyrirmynd íþróttafélaga þar sem einstaklingar á öllum aldri geta æft, skapað og iðkað sína tónlist í uppbyggjandi umhverfi undir handleiðslu fagfólks sem væri með sérhæfingu á sviði uppeldisfræða og tónlist.
4. Að leggja sitt lóð á vogarskálarnar þegar kemur að því að jafna hlut kynja og ná til ólíkra hópa í samfélaginu. Hvort sem um er að ræða stúdío-, æfingaaðstöðu eða námskeið.
5. Að efla, styrkja og styðja beint og óbeint við einstaklinga sem sækja starf félagsins og leggja mikla áherslu á forvarnargildi þess að bjóða upp á fræðslur eða námskeið fyrir unga nýliða í tónlist.
6. Að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum í Reykjavík þar sem byrjendur jafnt sem lengra komnir fá tækifæri til að koma fram og kynna sína tónlist.
7. Að sjá um allan rekstur sem tengist húsnæðinu og kynna starfsemina fyrir öllum þeim sem gætu notið góðs af henni s.s. skólar, frístundamiðstöðvar, Hitt húsið og tónlistarskólar.

Annað

Félagið er óhagnaðardrifið og rennur því öll innkoma beint í starf félagsins við að efla starfið enn frekar. Þá hefur ekki verið hægt að kynna starfsemina með því móti sem félagið hefði viljað vegna samkomutakmarkana og Covid. Til stendur þó að bjóða öllum helstu stofnunum borgarinnar sem hafa með ungt fólk eða tónlist að gera ásamt íbúaráðum og öðrum ráðum innan borgarinnar. Þá er einnig stefnt að því að halda opunarhátíð þegar tækifæri gefst. Í janúar er síðan stefnt á að byrja með ungliðastarf í lagasmíðum fyrir ólíka aldurshópa og námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Félagið stefnir einnig að því að fara í markvisst átak á nýju ári við að jafna út kynjahalla í tónlist með því að efla samstarf við félög eins og Stelpur rokka og KÍTÓN.

Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins má sjá í meðfylgjandi stöðu og framvinduskýrslu.

Virðingarfyllst,

Stjórn Tónlistarfélags Árbæjar

Október 2020

Nánar um viðbót I - Aukið rými fyrir æfingahúsnæði

Mikil eftirspurn er eftir rými fyrir einyrkja og stærri rými fyrir atvinnuhljómsveitir sem þurfa stakar æfingar. Félagið vill mæta þeirri eftirspurn með því að bæta við núverandi æfingaaðstöðu og koma upp fleiri rýmum. Félagið leggur metnað sinn í að búa til fyrsta flokks rými, með góðri hljóðvist ásamt hljóðkerfi og trommusetti. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá hljómsveitum og hefur eftirspurn farið vaxandi. Reykjavíkurborg hefur gert félaginu kleift að halda úti starfsemi og bjóða upp á góða þjónustu með því að taka þátt í að greiða leigu fyrir húsnæði. Í staðinn hefur félagið séð um allan rekstur s.s. þrif, utanumhald, kaup á búnaði, framkvæmdir og fleira. Með þessari viðbót væri borgin auk þess að hjálpa félaginu að styðja við það tónlistarfólk sem hefur farið illa út úr Covid ástandinu. Með þessu móti gætu einyrkjar sem þurfa að æfa sig á hljóðfæri eða þær hljómsveitir sem hafa lifibrauð af því að spila haft nú aðgang að góðri aðstöðu á hagstæðum kjörum.

Nánar um viðbót II - Uppbygging hljóðversklasa fyrir tónlistarfólk og nýliða

Tónlistarfélag Árbæjar hefur haldið úti og rekið fyrsta flokks æfingarými fyrir hljómsveitir í húsnæði sínu, Tónhyl með góðum árangri undanfarið ár í samstarfi við Reykjavíkurborg. Fjölmargar hljómsveitir eru nú með fastar æfingar í húsnæðinu ásamt böndum sem bóka stakar æfingar. Félagið hefur undanfarið fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir hljóðversrymum en að koma sér upp slíkri aðstöðu getur verið mjög kostnaðarsamt og hentar fáum húsnæðum með tilliti til hljóðvistar. Tónlistarfélagið vill því mæta þeirri þörf með því að koma upp fyrsta flokks hljóðversrymum í samstarfi við Reykjavíkurborg. Um væri að ræða nokkurs konar hljóðversklasa þar sem tónlistarfólk gæti leigt rými á hagstæðum kjörum. Slíkt væri ekki einungis mikil búbót fyrir tónlistarfólk heldur hefði einnig mikinn samfélagslegan ávinning. Þar sem félagið er óhagnaðardrifið og hefur m.a. það markmið að efla tónlistarmenningu í Reykjavík þá væri verið að tryggja það að hagsmunir tónlistarfólks væru hafðir að leiðarljósi. Þá væri lögð áhersla á að jafna kynjahalla ásamt því að byggja upp öflugt samfélag sem myndi styðja við nýliða og miðla reynslu. Slíkt væri skilyrði og væri rýmum úthlutað með tilliti til þess. Tónlistarfélagið myndi hafa umsjón með rekstri og annarri þjónustu ásamt því að hlúa að og byggja upp skapandi, snyrtilegt og faglegt umhverfi. Þá er félagið einnig að fara af stað með öflugt tónlistarstarf sem snýr að fræðslu og námskeiðum fyrir ungt fólk og gæti þetta húsnæði því nýst vel í þá starfsemi.

Nánari upplýsingar

Heimasíða: www.tonhylur.is **Tengiliður:** Kristján Sturla Bjarnason **Netfang:** kristjan@tonhylur.is

Nánari um starfsemina má einnig lesa í meðfylgjandi skýrslu ásamt tölfræði og ársreikningi. Þá er stjórn félagsins einnig tilbúin að kynna verkefnið sérstaklega sé þess óskað.

Október 2020

Tónhylur

Miðja tónlistarsköpunar í Reykjavík

Tónlistarfélag Árbæjar
Skýrsla um starfsemi félagsins

Tengiliður:
Kristján Sturla Bjarnason
kristjan@tonhylur.is

Yfirlit

Tónhylur er tónlistarmiðstöð í hjarta Reykjavíkur sem var tekin í gagnið vorið 2020. Húsnæðið er um 650 fermetrar og hefur að geyma sjö æfingarárými og átta stúdíó en þar af eru þrjú af þeim stúdíóum fyrir unga nýliða. Árið 2019 fór Tónlistarfélagið í samstarf við Reykjavíkurborg sem felst í leigustyrk vegna húsnæðis. Sá samningur gerði félaginu kleift að byggja upp öfluga starfsemi sem snýr fyrst og fremst að því að byggja upp aðstöðu og skapa öflugt samfélag tónlistarfólks.

Á Aðalfundi félagsins 2020 var ákveðið að hlutverk Tónhyls væri að skapa tækifæri fyrir ungt tónlistarfólk og veita íslenskri tónlist innblástur. Tónhylur yrði því þannig nokkurs konar miðja tónlistarsköpunar þar sem tónlistarfólk fengi tækifæri til að vinna að eigin sköpun í faglegu umhverfi. Þar yrði tónlistarfólk hluti af stærra samfélagi þar sem tónlistarleg velferð einstaklinga væri höfð að leiðarljósi. Þá leggur Tónhylur sérstaka áherslu á að efla nýliða í tónlist ásamt því að jafna hlut kynja.

Hlutverk og stefna

Hlutverk Tónhyls er að skapa tækifæri fyrir ungt tónlistarfólk og veita íslenskri tónlistarsköpun innblástur. Það gerir félagið með því að byggja upp fyrsta flokks aðstöðu fyrir tónlistarfólk, halda úti fræðslu fyrir nýliða og skapa samfélag sem styður við fjölbreytta tónlistarsköpun.

Framkvæmdir

Hafist var handa við að byggja hljómsveita- og stúdíórými í maí 2019. Heildarkostnaður við framkvæmdir var um 3.500.000 kr. en öll vinna var unnin í sjálfboðavinnu. Þá fékk félagið til liðs við sig vinnuskólahóp sem samanstóð af hópi drengja sem höfðu tekið þátt í að móta hugmyndina um tónlistarmiðstöð um veturinn. Voru þeir allir hluti af lagasmíðafagi sem einn stjórnarmeðlima kenndi í Árbæjarskóla. Með samþykki foreldra tóku þeir þátt í að reisa fyrsta áfanga Tónhyls ásamt mörgum sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg. Verkefna- og fjármálastjórn var í höndum stjórnar félagsins en allt kapp var lagt á að framkvæmdir yrðu með hagkvæmasta máta.

Um er að ræða um 450 m² rými en nýlega bætti félagið við 150 m² til að aðskilja betur stúdíó og æfingaaðstöðu vegna hljóðmengunar. Auk þess þótti nýtt rými, sem er í sama húsnæði, henta vel til þess að hafa æfingar á daginn fyrir atvinnutónlistarfólk.

Auk Reykjavíkurborgar styrktu Reykjafell, BYKO, Dominos, Þ.Porsteinsson, Birgisson, Málning og fleiri framkvæmdirnar kunnum við þeim miklar þakkir fyrir.



Æfingahúsnæði

Tónhylur býður upp á fyrsta flokks æfingarárými

Í Tónhyl eru nú sex almenn æfingarárými og eitt stærra rými sem hægt er að leigja fyrir sérstök tilefni. Almennu rýmin eru fyrir hljómsveitir sem borga fast mánaðargjald og fá með því einn fastan tíma í viku ásamt því að geta bókað í laus hólf þegar rýmið er ekki í notkun. Æfingatíminn er frá 17:00 – 23:00 á daginn en hægt er að bóka stærra rýmið á daginn. Þá sér félagið um að þrifa rýmin og öll öryggismál en mikið er lagt upp úr þeim. Félagið leggur mikið upp úr því að þeir sem nýta aðstöðuna séu sáttir og er því send út þjónustukönnun reglulega sem nýtist í að gera þjónustuna enn betri.

Boðið er upp á hljóðkerfi og trommusett en bönd mæta með sína eigin magnara. Með þessu móti nýttast rýmin mun betur og geta því verið um 6 – 7 bönd í hverju rými. Það fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og er mun hagstæðara rekstrarfyrirkomulag. Mikil eftirspurn er eftir rýmum og er ljóst að mikil þörf er á þjónustu sem þessari. Með því að halda vel utan um notendur er aukinnheldur verið að skapa samfélag þar sem notendur fá rödd og geta þannig tekið þátt í að byggja upp starfsemina.




Stúdíó

Í Tónhyl eru nú átta hljóðver. Fimm af þeim eru skipuð atvinnutónlistarfólki en hin þrjú nýliðum og einstaklingum sem eru að stíga sín fyrstu skref. Hugmyndin er að bjóða atvinnutónlistarfólki lægri leigu gegn því að taka þátt í að byggja upp starfsemina, aðstoða þá reynsluminni og kenna á námskeiðum. Þá er lagt upp með að allir þeir sem hafa aðstöðu í Tónhyl séu virkir innan samfélagsins ásamt því að fylgja þeim grunngildum sem eru höfð að leiðarljósi.

Með þessu móti hefur tekist að skapa andrúmsloft þar sem ungt tónlistarfólk nýtur leiðsagnar þeirra sem hafa meiri reynslu og geta leitað í öflugt bakland þegar kemur að kynningu eða stuðningi við þeirra tónlist. Félagið telur þetta lykilatriði í að byggja upp öflugt tónlistarstarf og þá sérstaklega þegar kemur að málefnum eins og að jafna hlut kynja eða ná til minnihlutahópa. Þá er vert að minnast á það að nokkur lög nýliðanna hafa ratað í efstu sæti vinsældarlista á Íslandi.

Félagið stefnir á að fjölga stúdíóum vegna mikillar eftirspurnar og bjóða upp á fyrsta flokks rými á hagstæðum leigukjörum fyrir tónlistarfólk.



Námskeið og fræðsla

Akademía fyrir unga tónhöfunda

Nú á haustmánuðum er stefnt að því að safna fjármagni til að byggja æfingastúdíó og námskeiðsaðstöðu. Er það gert til að mæta þeirri miklu þörf hjá yngri kynslóðinni að hafa aðstöðu til að búa til tónlist. Þá er hugmyndin að bjóða upp á starfsemi fyrir ólíka aldurshópa og sníða starfsemina að þörfum hvers hóps fyrir sig. Slíkt utanumhald hefur mikið forvarnargildi svo ekki sé minnst á þau tækifæri sem felast í því að ná til ólíkra hópa sem finna sig ef til vill ekki í öðrum tímstundum.

Námskeiðin væru byggð upp að fyrirmynd íþróttafélaga þar sem hver aldurshópur tilheyrir ákveðnum flokk. Í hverjum flokk væru síðan hópar sem myndu vinna saman sem ein heild. Markmiðið væri bæði að gefa þátttakendum verkfæri til að vinna að sinni tónlist og að byggja upp liðsheild þar sem áhersla væri lögð á að efla og styrkja hópinn ásamt einstaklingunum innan hópsins. Styrkleikastig námskeiðanna myndi síðan fara eftir aldri og reynslu hvers hóps.

Tölfræði hljómsveitarými

Fjöldi hljómsveita á viku	25 hljómsveitir
Stakir leigjendur í æfingarymum	4 trommarar
Fjöldi heimsóknna á viku.	Um 300 stakra heimsóknna
Fjöldi heimsóknna síðustu 9 mánuði	9.600 heimsóknir
Stakar æfingar	56 æfingar í stóra rýminu

Tölur miðast við opnun húsnæðis í febrúar 2020

Tónlistarfélagið hefur lagt áherslu á ungt fólk og á að jafna kynjahlutfall. Vel hefur gengið með unga fólknið en félagið stefnir á að blása enn frekar til sóknar við að ná til allra kynja. Það mun félagið gera markvisst þegar námskeið hefjast en einnig er stefnt að því að fara í samstarf við samtökin Stelpur rokka og KÍTÓN og bjóða t.d. upp á fríar æfingar eða hafa námskeið sérstaklega sniðin að ólíkum kynjum. Þetta er langtíma verkefni sem félaginu er mjög umhugað um að vinna að.

Tölfræði stúdíórými

Fjöldi stúdíórýma	8 stúdíó
Fjöldi mentora*	5
Fjöldi fastra nýliða	3
Fjöldi atvinnutónlistarfólks	Um 40 – 50
Fjöldi byrjenda	Um 20

Tölur miðast við opnun húsnæðis í febrúar 2020

*Mentorar eru atvinnutónlistarfólk sem fær ódýrari leigu gegn því að aðstoða nýliða.

Hér hefur einnig verið horft til kynjahlutfalla. Vert er að halda því til haga að hlutfall kynja, þegar kemur að því að nýta sér stúdíóaðstöðu félagsins hefur verið nokkuð jafnt.

Þrátt fyrir að félagið hafi nú átta stúdíó til umráða þá er eftirspurnin mjög mikil og ná þessi stúdíó ekki að mæta þeirri eftirspurn. Því stefnir félagið nú á að leita leiða til að efla enn frekar þá starfsemi og bjóða tónlistarfólki fleiri fyrsta flokks stúdíó á hagstæðum kjörum. Það er skynsamleg leið til að styðja við tónlistarfólk – sérstaklega í núverandi árferði.

Stjórn og aðstandendur

Stjórn Tónhyls samanstendur af 6 einstaklingum sem eiga það allir sameiginlegt að hafa unnið lengi með ungu fólki og hafa víðtæka reynslu af tónlistarstarfi. Þá hafa stjórnarmeðlimir meðal annars háskólamenntun í tónlist, sálfræði, félagsfræði, markaðsfræði ásamt því að vera með kennsluréttindi og starfa sem tónlistarmenn.



**KRISTJÁN STURLA
BJARNASON**

Formaður



**BRYNJAR INGI
UNNSTEINSSON**

Varaformaður



**ANDRI MÁR
MAGNASON**

Gjaldkeri



**PÉTUR
FINNBOGASON**

Stjórnarmaður



**ÁSGRÍMUR GEIR
LOGASON**

Stjórnarmaður



**GUÐFINNA BIRTA
VALGEIRSDÓTTIR**

Varamaður og markaðsmál

Umsagnir

Félagið sendi út þjónustukönnun nú nýverið á alla sem hafa nýtt aðstöðuna og kom hún mjög vel út. Allir sem svöruðu könnuninni myndu mæla með húsnæðinu við aðra, töldu svona aðstöðu mjög mikilvæga og voru ánægðir eða mjög ánægðir með aðstöðu og þjónustu.

Þá hafa einnig aðrir listamenn nýtt aðstöðu Tónhýls – bæði í stúdíóum og í stóra æfingarýmiinu sem hugsað er fyrir stærri bönd. Má þar nefna bönd eins og Hipsumhaps, Bríet, Flona, Herra Hnetusmjör, Auður, Friðrik Dór, GDRN, Daniil, Haka, Moses Hightower og nú síðast Kaleo.

"Frábært viðmót - mæli
alltaf með ykkur."

HLJÓMSVEIT Í ÆFINGARÝMI

"Meiriháttar allt saman -
takk!"

HLJÓMSVEIT Í ÆFINGARÝMI

"Frábær þjónusta og
snyrtilegt"

HLJÓMSVEIT Í ÆFINGARÝMI

Framtíðarsýn

Tónhylur verður miðja tónlistarsköpunar í Reykjavík

Tónlistarfélagið stefnir hátt og vill blása enn frekar til sóknar þegar kemur að því að efla tónlistarmenningu og veita ungu tónlistarfólki tækifæri. Þá vill félagið einnig efla samstarf við Reykjavíkurborg og fleiri aðila í tónlistargeiranum.

Í því skyni hefur Tónlistarfélagið sett sér eftirfarandi markmið.

1

Að gera hljómsveitarýmin enn betri og veita víðtækari þjónustu þegar kemur að æfingum fyrir tónlist.

2

Að bæta við núverandi rými og byggja upp fyrsta flokks stúdíaðstöðu fyrir atvinnutónlistarfólk á hagstæðum leigukjörum.

3

Að byggja upp metnaðarfulla akademíu þar sem boðið er upp á fjölbreytt námskeið, náð til ólíkra hópa og byggt upp öflugt samfélag.

4

Að þróa enn frekar það samfélag sem er að myndast í Tónhyl þar sem lögð er áhersla á liðsheild, traust, sköpun og tækifæri.

5

Að kynna starfsemina fyrir stofnunum sem koma að þessum málaflokk ásamt því að efla samstarf við Reykjavíkurborg enn frekar.

Rekstrarreikningur ársins 2019

Rekstrartekjur:	2019
Rekstrarsamingur v. leigu við Reykjavíkurborg.....	4.500.000 kr.
Framkvæmdastyrkur v. æfingaryma.....	3.000.000 kr.
Aðrir styrkir.....	815.108 kr.
Afnotagjöld vegna æfingaryma.....	<u>335.000 kr.</u>
Rekstrartekjur alls	8.650.108 kr.
Rekstrargjöld:	
Húsaleiga*.....	4.500.000 kr.
Framkvæmdir og uppsetning v. æfingaryma.....	3.002.352 kr.
Rekstur húsnæðis.....	542.791 kr.
Ýmis búnaður.....	166.400 kr.
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>166.923 kr.</u>
Rekstrargjöld alls	8.378.466 kr.
Rekstrarafkoma ársins.....	<u>606.642 kr.</u>

**Húsnæðið var tekið í notkun um mitt ár 2019 og greiddist leiga frá júní.*